

FRAMHALDS AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, föstudaginn 26. júní var haldinn framhaldsaðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2023. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og hófst kl. 8:30.

Þessi sátu fundinn: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs fyrir Akraneskaupstað og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Gylfi Magnússon, stjórnarformaður tók þátt í fundinum um fjarfundabúnað. Þá tóku þátt Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari og Björg Magnúsdóttir, aðstoðarmaður borgarstjóra, Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur, Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála.

Þetta gerðist:

Forstjóri setti fund og lagði til að fundarstjóri yrði kosinn Gylfi Magnússon og Elín Smáradóttir ritari fundarins. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti hann löglegan. Var þá gengið til dagskrár.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur, sem frestað var á aðalfundi í apríl. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verður greidd út fljótlega eftir afgreiðslu tillögunnar en útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út í desember nk. að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt uppfærðri fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Umræður.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 9:00.

Einar Þorsteinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Steinar Adolfsson

Undirritunarsíða

Einar Þorsteinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Steinar Dagur Adólfsson